

Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2005

Export and export production of marine products 2005

Samantekt Á árinu 2005 nam verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 112 milljörðum króna og dróst saman um 5,7% frá fyrra ári. Verð sjávarafurða í íslenskum krónum hélst lítið breytt þegar á heildina er lítið og dróst því framleiðslan, mæld á föstu verði ársins 2004, því nær jafn mikið saman eða um 5,6%. Fluttar voru út sjávarafurðir að verðmæti 110,1 milljarðar króna. Útflutningur dróst saman milli ára, í tonnum um 8,8% en í verðmæti um 9,5%. Útflutt afurðaverðmæti allra aflategunda nema uppsjávarfisks dróst saman frá fyrra ári. Frystar afurðir skiluðu yfir helmingi útflutningsverðmætis. Af einstökum afurðum var verðmæti blautverkaðs saltfisks úr þorski mest, 11,2 milljarðar króna. Verðmæti ísaðra afurða jókst en tekjur af útflutningi saltaðra afurða drógust saman. Sem fyrr er Evrópska efnahagssvæðið veigamesta markaðssvæðið en þangað voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 85,6 milljarða króna. Það er 9,2% minna en árið 2004 en samdráttar gætti í útflutningsverðmæti til allra helstu viðskiptalanda.

Magn útfluttra sjávarafurða

Útflutningur sjávarafurða dróst saman um 73 þúsund tonn

Á milli árána 2004 og 2005 dróst útflutningur sjávarafurða saman um 73 þúsund tonn eða 8,8%. Árið 2005 voru flutt út 755 þúsund tonn samanborið við 828 þúsund tonn árið áður.¹ Í tonnum talið hefur ekki verið flutt út minna síðan árið 2000.

Tæp 263 þúsund tonn voru flutt út af botnfiskafurðum, þar af námu þorskafurðir 114 þúsund tonnum en voru árið áður tæp 124 þúsund tonn. Útfluttar afurðir flatfisktegunda námu rúmum 17 þúsund tonnum árið 2005 samanborið við tæplega 22 þúsund tonn árið 2004 (-19,9%). Afurðir grálúðu vega þyngst í flatfiskafurðum og nam hlutur hennar rúmum 9 þúsund tonnum sem er tæpum 3 þúsund tonnum minna en árið 2004.

Hlutur uppsjávartegunda var 44% af heildarútflutningi sjávarafurða og nam 333 þúsund tonnum. Magnið var svipað og árið áður, dróst saman um tæp 7 þúsund tonn frá árinu 2004. Líkt og fyrr voru það loðnuafurðir sem skipuðu stærstan sess í útflutningi uppsjávarafurða en þær voru 177 þúsund tonn sem er örlítill aukning frá árinu 2004 en útflutningur loðnuafurða hafði dregist jafnt og þétt saman undanfarin ár. Aukningin sem varð í útflutningi kolmunnaafurða milli árána 2003 og 2004 gekk hins vegar til baka árið 2005 enda barst mun minni afli á land það ár. Samtals voru flutt út 42 þúsund tonn árið 2005 samanborið við 72 þúsund árið áður. Vert er að benda á að töluvert magn af fiskmjöli er ekki tegundaskipt í útflutningsskýrslum

¹ Þessar tölur innihalda ekki afurðir í loftþéttum umbúðum eftir að samræmd flokkun sjávarafurða var tekin upp hjá Hagstofunni. Upplýsingar um útflutning afurða í loftþéttum umbúðum er að finna í töflu 5.




og flokkast því utan aflattegunda. Þetta mjöl er að stærstum hluta uppsjávarfiskur og voru flutt út af því 92 þúsund tonn. Að sama skapi ber að skoða tölur um útflutning á mjöli einstakra tegunda með fyrirvara þar sem blöndun afurða á sér stað í vinnsluferli þeirra.

Útflutningur skel- og krabbadýra nam 25 þúsund tonnum sem er rúmlega 9 þúsund tonna samdráttur frá árinu 2004. Stærsti hluti þess útflutnings voru 23 þúsund tonn af rækju sem er 8 þúsund tonnum minna magn en 2004.

Mynd 1. Magn útfluttra sjávarafurða 1991–2005¹

Figure 1. Quantity of exported marine products 1991–2005¹



¹ Breytt flokkun frá árinu 2000. Changed classification from year 2000.


Verðmæti útfluttra sjávarafurða

Verðmæti dróst saman um 12 milljarða króna

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2005 nam 110,1 milljarði króna og dróst saman um tæpa 12 milljarða frá fyrra ári, 9,5%. Hlutdeild sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings landsins var 56,7% samanborið við 60,2% árið 2004.

Mynd 2. Verðmæti útfluttra sjávarafurða 1991–2005¹

Figure 2. Value of exported marine products 1991–2005¹




¹ Breytt flokkun frá árinu 2000. Changed classification from year 2000.

Botnfiskafurðir 66% af
verðmæti

Afurðir botnfisks eru tæp 66% af verðmæti sjávarafurða eða 72 milljarðar. Hluttur þorskafurða er stærstur en útflutningsverðmæti þeirra nam 42 milljörðum og dróst saman um 13% milli ára. Hins vegar jókst útflutningur ýsuafurða úr 10 milljörðum 2004 í tæpa 12 milljarða króna árið 2005 (17%), þá sérstaklega kældra fiskflaka (47%).

Mynd 3. Hluttur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings 1995–2005

Figure 3. The share of exported marine products of total value of exported goods 1995–2005



Útflutningsverðmæti flatfisktegunda var 5,6 milljarðar á árinu 2005 en 7,4 milljarðar króna ári áður. Grálúðan var verðmætust þrátt fyrir að verðmæti afurða hennar hefði dregist saman um 22% og næmi 3 milljörðum króna árið 2005.

Útflutningsverðmæti
síldarafurða jókst, einkanlega
verðmæti sjófrystingar

Hluttur uppsjávartegunda í útflutningsverðmæti sjávarafurða var 17% eða rúmir 18 milljarðar króna árið 2005. Af einstökum tegundum var útflutningsverðmæti loðnuafurða hæst, 9,3 milljarðar króna sem er því sem næst það sama og árið 2004. Verðmæti síldarafurða nam 7,2 milljörðum á árinu 2005 sem er 2,5 milljörðum króna meira en á fyrra ári. Aukninguna má rekja til útflutningsverðmætis sjófrystra flaka sem jókst um 62% milli ára en einnig til sjófrystra samflaka¹ en þau lenda í tegundarflokknum “síld” undir “annað fryst sjávarfang”. Hins vegar má rekja einhvern hluta þeirrar aukningar til breytinga í tollskrárnúmerum en stór hluti sjófrystra síldarsamflaka skráðist sem “annað fryst sjávarfang” undir tegundaflokknum “annar botnfiskur” árið 2004 en skráist nú undir tegundaflokkinn “síld”. Útflutningsverðmæti kolmunnaafurða var tæplega 1,8 milljarðar króna og dróst saman frá árinu 2004 um 1,7 milljarða króna. Verðmæti blandaðs fiskmjöls var 4,1 milljarður króna árið 2005.

Útflutningsverðmæti afurða skel- og krabbadýra var 9,3 milljarðar og dróst saman um 3,7 milljarða króna frá árinu 2004. Verðmæti rækju nam 7,9 milljörðum samanbórið við 11,7 milljarða króna árið 2004.

Verðmæti ísaðra afurða jókst
en verðmæti saltaðra afurða
minnkaði


Af einstökum afurðaflokkum skilaði frysting alls rúmlega helmingi útflutningsverðmætis eða tæpum 58 milljörðum króna sem er 3,8 milljörðum minna en ári áður. Útflutningsverðmæti ísaðra fiskafurða hefur verið að aukast undanfarnir ár og nam árið 2005 tæpum 20 milljörðum króna. Þetta er í fyrsta sinn sem verðmæti

¹ Einnig nefnd “butterflies” eða “flaps”.

Ísaðra afurða er meira en saltaðra en verðmæti þeirra varð 18,1 milljarður og dróst saman milli ára um 15%. Hlutfall ísaðra afurða af útflutningsverðmæti var 18,1% en hlutur saltaðra afurða nam 16,4%. Útflutningsverðmæti mjöls og lýsis nam 10,2% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og skilaði 11,2 milljörðum í útflutningstekjur sem er tæplega þriðjungur minna en árið á undan.

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum¹ 1991–2005

Figure 4. Percentage share of the value of exported marine products by product categories¹ 1991–2005



¹ Breytt flokkun frá árinu 2000. *Changed classification from year 2000.*

Sú einstaka afurð sem skilaði mestu útflutningsverðmæti var sem fyrr blautverkaður saltfiskur úr þorski en verðmæti hans nam 11,2 milljörðum króna, þá landfrost þorskflök sem gáfu 8 milljarða, fryst rækja sem skilaði 7,7 milljörðum og ísvarin þorskflök sem skiluðu 6,9 milljörðum króna.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða umreiknað í Bandaríkjadali var 1.756 milljónir á árinu 2005 og dróst saman um 16 milljónir (-0,9%) frá fyrra ári.¹ Samdrátturinn er mun meiri í íslenskum krónum vegna hás gengis krónunnar gagnvart Bandaríkjadali eða sem nemur 9,5%. Vegna styrkingu íslensku krónunnar lækkaði meðalverð á dollar um 10,4% á árinu 2005 miðað við fyrra ár og í heild lækkaði meðalverð allra gjaldmiðla um 10,3%.

Útflutningsframleiðsla sjávarafurða

Samdráttur í verðmætum útflutningsframleiðslu um 5,7%

Útflutningsframleiðsla sjávarafurða árið 2005 dróst saman um 5,7% frá árinu 2004. Sé útflutningsframleiðslan hins vegar metin á föstu verði ársins 2004 nemur samdrátturinn 5,6% enda urðu litlar breytingar á afurðaverði í íslenskum krónum þegar á heildina er litið. Með útflutningsframleiðslu sjávarafurða er átt við samtölu útflutnings og birgðabreytinga sjávarafurða. Framleiðslubreytingar þær sem hér er lýst eru fengnar með því að verðmæti ársins 2005 er fært til verðlags fyrra árs á grundvelli þeirra verðvísitalna sem lýst er í kafla hér að neðan.


¹ Miðað er við kaupgengi, meðaltal ársins 2005.

Verðmæti útflutningsframleiðslu
112 milljarðar króna

Heildarverðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu 2005 nam 112 milljörðum en framleiðsla ársins 2004 nam á 118,8 milljörðum króna. Framleitt magn nam 778 þúsund tonnum árið 2005 en nam 790 þúsund tonnum árið 2004.


Mynd 5. Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 2004 og 2005

Figure 5. Value of export production of marine products 2004 and 2005



Mynd 6. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2004 og 2005

Figure 6. Export production of marine products 2004 and 2005



¹ Breytt flokkun frá árinu 2000. Changed classification from year 2000.

Af einstökum afurðum jukust verðmæti ísaðra afurða um 3% (-6,5% í tonnum) og frystra afurða um 2,6% (21,4% í tonnum). Samdráttur varð hins vegar milli ára í framleiðsluverðmæti saltaðra og hertra afurða um 19,4% (-9,8% í tonnum) og einnig dró úr framleiðslu mjöls og lýsis um 27,5% (-21,4% í tonnum).

Skipting útflutnings eftir markaðssvæðum og ríkjum


Útflutningsverðmæti dróst saman til allra helstu viðskiptalanda

Sem fyrr er það Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem er mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2005 voru fluttar út þangað afurðir að verðmæti 85,6 milljarðar króna sem er 77,7% af útflutningsvirði sjávarafurða. Hins vegar dróst verðmæti útfluttra sjávarafurða til EES-landa saman um 9,2% milli ára. Útflutningur til Norður Ameríku dróst saman um 20% frá 2004, var 10 milljarðar árið 2005 sem er 9% hlutdeild.

Þessi mikli samdráttur veldur því að saman dregur með markaðssvæðunum Norður Ameríku og Asíu, en útflutningstekjur af sjávarafurðum til Asíu námu 8 milljörðum árið 2005, eða 7,3% af heild. Bretland er án nokkurs vafa mikilvægasta viðskiptalandið og stendur fyrir fjórðungi útflutningsverðmætis sem nam 28,5 milljörðum árið 2005. Til Spánar voru seldar afurðir fyrir 12,7 milljarða eða sem nemur 11,5% útflutningsverðmætis. Þar á eftir komu Bandaríkin, Holland og Frakkland. Samdráttar gætti í útflutningi til allra helstu viðskiptalanda, þó voru einstaka undantekningar. Til að mynda jókst verðmæti útfluttra sjávarafurða til Póllands um 1,3 milljarða (59,7%), til Kína um tæpar 600 milljónir (52,7%) og til Litháen um rúmar 500 milljónir króna (29,9%).

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir markaðssvæðum 1996–2005¹

Figure 7. Percentage share of the value of exported marine products by market areas 1996–2005¹



¹ Breytt flokkun frá árinu 2000. Changed classification from year 2000.


Verðvísitala sjávarafurða

Á myndum 7 til 11 má sjá þróun afurðaverðs á botnfiski, rækju, loðnu og síld eftir vinnsluaðferðum ásamt humri og hörpuskel. Fram til ársins 2000 voru vísitölur byggðar á upplýsingum frá helstu útflytjendum um dagverð um miðjan hvern mánuð og verð í þeim gjaldmiðli sem við á hverju sinni. Hvert verð var umreiknað yfir í íslenskar krónur með meðalgengi mynta í viðkomandi mánuði. Frá árinu 2000 eru upplýsingar frá útflytjendum hins vegar á meðalverði hvers mánaðar og í íslenskum krónum. Meginreglan er að magngrunni vísitölunnar er breytt árlega og framleiðsla eða sala næsta árs á undan notuð. Í magngrunninum er magn einstakra pakkninga (t.d. einstakra pakkninga af þorskblokk). Á þann hátt er tryggt að magnrunnurinn sé samsettur úr vörutegundum þar sem hver vörutegund er einnar

gerðar. Þar sem framleiðslan í heild er samsett úr miklum fjölda vörutegunda/pakkinga er nauðsynlegt að velja þær pakkingar sem veða þyngst eða eru dæmigerðar um verðþróun fleiri tegunda. Jafnframt er reynt að tryggja að í magngrunninum séu pakkingar með afurðum úr öllum helstu fisktegundum og markaðssvæðum. Vísitölurnar ættu yfirleitt að vera mun betri mælikvarði á verðþróun en einingarverð úr útflutningsskýrslum. Ástæðan er sú að í útflutningsskýrslum er byggt á tollnúmerum sem oft hafa að geyma ólíkar pakkingar. Breytingar á einingarverði í einstökum tollnúmerum geta því hæglega verið einhvers konar blanda af hreinni verðbreytingu og samsetningarbreytingu milli pakkinga innan hvers tollnúmers.


Mynd 8. Verð á botnfiski 1992–2005 í ísl. kr. Vísitala=100 árið 1992

Figure 8. Price of demersal catch 1992–2005 in ISK. Index=100 1992




Mynd 9. Verð á rækju 1992–2005 í ísl. kr. Vísitala=100 árið 1992


Figure 9. Price of shrimp 1992–2005 in ISK. Index = 100 1992



Mynd 10. Verð á loðnumjöli og -lýsi 1992–2005 í ísl. kr. Vísitala=100 árið 1992
 Figure 10. Price of capelin meal and capelin oil 1992–2005 in ISK. Index = 100 1992




Mynd 11. Verð á humri og hörpuskel 1992–2005 í ísl. kr. Vísitala=100 árið 1992
 Figure 11. Price of lobster and scallop 1992–2005 in ISK. Index = 100 1992



Mynd 12. Verð á síld 1992–2005 í ísl. kr. Vísitala=100 árið 1992

Figure 12. Price of herring 1992–2005 in ISK. Index=100 1992



Tafla 1. Magn útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1979–2005¹*Table 1. Quantity of exported marine products by product categories 1979–2005¹*

Tonn	Alls			Ísað			Lagmeti	
<i>Tonnes</i>	útflutt	Fryst	Saltað	<i>Fresh and</i>	Hert	Mjöl/lýsi	<i>Canned</i>	Annað
	<i>Total</i>	<i>Frozen</i>	<i>Salted</i>	<i>chilled</i>	<i>Dried</i>	<i>Meal/fish oil</i>	<i>goods</i>	<i>Other</i>
1979	565.823	146.304	69.905	44.523	3.280	298.098	1.832	1.881
1980	550.113	144.223	75.810	58.202	12.625	253.161	1.939	4.153
1981	495.220	133.237	82.371	35.134	18.988	213.675	1.740	10.075
1982	367.707	131.562	79.627	38.341	4.270	102.461	2.431	9.015
1983	335.417	145.588	71.495	44.021	6.463	51.540	2.867	13.443
1984	489.119	146.295	70.729	67.735	1.306	194.903	3.391	4.760
1985	698.014	156.063	77.992	165.075	1.103	287.620	3.773	6.388
1986	718.727	167.980	77.710	152.968	7.167	292.464	3.807	16.631
1987	642.220	177.090	89.847	119.641	7.282	232.758	3.942	11.660
1988	693.516	159.176	90.803	151.963	3.517	276.816	3.805	7.436
1989	652.768	190.474	79.760	176.763	4.731	185.880	3.560	11.600
1990	623.353	190.766	76.343	139.949	6.594	199.090	3.858	6.753
1991	471.646	193.970	61.929	95.667	6.386	99.624	2.576	11.494
1992	569.979	190.365	51.340	89.620	6.370	210.286	2.785	19.213
1993	635.368	201.971	50.270	75.192	6.785	275.362	2.709	23.079
1994	640.109	244.526	60.486	62.277	6.173	263.033	2.812	802
1995	607.512	224.375	59.795	47.868	6.094	264.654	2.121	2.605
1996	783.243	269.550	66.786	48.131	7.865	387.685	2.980	245
1997	794.981	280.458	61.306	55.413	10.325	382.064	3.893	1.522
1998	718.729	271.893	61.400	43.395	10.704	323.826	3.635	3.876
1999	688.071	194.539	64.160	70.464	10.569	329.191	3.216	15.932
2000	728.410	193.080	63.381	110.648	11.150	331.813	2.909	15.429
2001	781.632	211.988	61.408	117.432	11.767	359.709	2.610	16.717
2002	806.839	250.430	57.575	95.533	13.862	367.757	2.643	19.038
2003	808.958	260.292	52.922	105.285	13.239	355.048	-	22.173
2004	827.537	313.815	54.917	96.220	15.399	321.147	-	26.040
2005	754.514	330.028	49.732	89.993	14.935	245.694	-	24.133

¹ Tekin hefur verið upp samræmd flokkun sjávarafurða og innihalda því heildartölur frá og með árinu 2003 ekki afurðir í loftþéttum umbúðum. *From 2003 canned goods are not included in total numbers.*

Tafla 2. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum¹ 1979–2005²
Table 2. Value of exported marine products by product categories¹ 1979–2005²

Millj. kr. <i>Million ISK</i>	Alls millj. kr. <i>Million ISK</i>			Ísað <i>Fresh and</i>		Mjöl/lýsi <i>Meal/</i>	Lagmeti <i>Canned</i>		Alls millj. USD <i>Million</i>
	<i>Total</i>	Fryst <i>Frozen</i>	Saltað <i>Salted</i>	<i>chilled</i>	Hert <i>Dried</i>	<i>fish oil</i>	<i>goods</i>	Annað <i>Other</i>	<i>USD, total</i>
1979	211.039,7	110.436,5	40.458,2	11.644,7	5.062,9	39.483,2	3.052,4	901,8	599,3
1980	338.808,3	151.161,6	70.997,5	21.767,6	33.532,8	52.778,0	4.880,1	3.690,7	707,4
1981	5.179,3	2.063,5	1.273,6	199,2	812,8	665,7	63,6	100,9	715,4
1982	6.508,2	3.337,3	1.851,1	390,7	315,1	381,8	157,4	74,8	519,8
1983	13.048,6	7.701,3	2.755,3	742,7	741,5	466,3	381,1	260,4	521,9
1984	16.331,6	9.131,8	3.251,8	1.079,0	92,1	2.231,4	504,5	41,0	515,8
1985	25.939,6	14.101,7	4.815,7	2.599,8	183,6	3.498,1	713,4	27,3	625,5
1986	35.471,7	18.826,8	6.877,5	4.037,8	900,4	3.708,9	841,7	278,6	864,3
1987	41.435,2	21.119,3	10.004,1	4.958,6	1.082,1	2.976,0	1.113,3	181,8	1.073,5
1988	45.158,4	21.271,8	10.551,2	6.081,9	717,4	5.050,3	1.332,2	153,6	1.048,0
1989	58.302,5	29.454,1	11.556,4	9.194,8	1.252,4	4.932,0	1.493,8	419,0	1.020,3
1990	72.351,0	37.864,3	14.151,2	11.987,0	1.245,2	5.124,2	1.714,0	265,1	1.242,5
1991	75.031,9	44.025,6	15.060,9	10.369,4	963,6	2.829,2	1.339,5	443,7	1.270,9
1992	71.308,3	42.153,9	12.020,6	8.390,3	794,0	5.765,5	1.399,2	784,8	1.239,7
1993	76.091,6	46.736,6	10.912,0	7.620,2	974,6	7.535,4	1.521,0	791,8	1.123,3
1994	87.540,0	55.699,1	13.409,8	8.046,7	778,7	7.578,5	1.778,5	248,7	1.253,6
1995	85.733,7	53.685,8	13.892,3	6.976,5	668,9	8.295,4	1.521,0	693,8	1.325,3
1996	95.060,6	54.581,0	16.023,2	7.457,3	1.230,0	13.993,4	1.566,4	209,2	1.429,5
1997	96.497,6	53.286,3	15.572,7	7.992,2	1.580,0	15.837,8	1.918,8	309,7	1.363,3
1998	101.922,1	55.410,7	17.858,2	8.606,0	1.551,4	16.436,2	1.791,1	268,5	1.437,1
1999	99.348,4	54.675,8	20.211,0	10.341,0	1.302,0	10.992,9	1.481,4	344,3	1.375,6
2000	95.744,1	50.364,1	19.885,8	11.344,1	1.516,3	11.195,7	1.245,7	192,4	1.217,3
2001	123.349,8	61.648,3	25.972,0	14.586,3	2.396,4	17.050,9	1.304,3	391,7	1.264,9
2002	129.802,6	66.083,8	22.936,1	14.288,1	3.003,1	21.871,0	1.211,1	409,4	1.422,8
2003	113.692,7	57.810,9	20.476,8	14.816,0	2.610,9	17.627,4	-	350,6	1.501,2
2004	121.745,7	61.411,2	21.277,0	19.362,8	3.177,9	16.002,4	-	514,4	1.740,4
2005	110.130,1	57.621,0	18.088,0	19.937,9	2.888,7	11.233,1	-	361,5	1.756,2

¹ Á verðlagi hvers árs. *At current prices.*

² Tekin hefur verið upp samræmd flokkun sjávarafurða og innihalda því heildartölur frá og með árinu 2003 ekki afurðir í loftþéttum umbúðum. *From 2003 canned goods are not included in total numbers.*

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða¹ eftir markaðssvæðum og löndum 1996–2005²Table 3. Value of exported marine products¹ by market area and country 1996–2005²

Millj. kr. á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Samtals Total	96.479,5	101.922,1	99.348,4	94.498,4	122.045,5	128.591,5	113.692,7	121.745,7	110.130,1
EES EEA	66.524,6	74.677,2	70.941,2	67.914,6	92.709,2	96.227,0	89.049,6	94.247,6	85.601,9
Austurríki <i>Austria</i>	29,5	31,8	40,4	1,9	9,0	6,5	9,1	2,3	5,3
Belgía <i>Belgium</i>	1.324,2	1.648,0	1.898,5	1.999,4	2.520,9	2.773,6	2.935,1	3.440,1	3.720,6
Bretland <i>United Kingdom</i>	20.766,5	23.392,0	23.729,1	23.745,2	30.925,4	31.391,2	28.795,0	32.499,7	28.512,1
Danmörk <i>Denmark</i>	6.688,5	6.434,5	5.476,1	4.860,5	6.369,7	6.908,0	7.245,3	6.273,2	4.803,7
Eistland <i>Estonia</i>	111,4	122,4	54,3	13,4	4,3	26,2	28,6	30,2	5,2
Finnland <i>Finland</i>	1.096,7	680,7	412,3	622,4	975,8	1.454,4	899,3	594,3	450,5
Frakkland <i>France</i>	7.969,7	8.893,2	6.980,5	5.797,0	6.567,8	6.532,1	6.230,6	7.060,2	5.710,9
Grikkland <i>Greece</i>	750,0	583,0	858,5	899,3	1.066,4	1.441,5	2.068,4	2.278,7	1.303,7
Holland <i>Netherlands</i>	2.695,4	2.445,3	2.809,7	3.425,7	5.080,6	5.619,0	5.915,8	5.571,9	5.937,5
Írland <i>Ireland</i>	197,2	506,2	286,7	155,0	113,3	31,1	58,2	70,6	196,7
Ítalía <i>Italy</i>	1.765,9	2.135,9	2.042,3	1.330,3	1.836,0	1.140,1	1.874,3	1.814,3	1.504,3
Kýpur <i>Cyprus</i>	26,6	11,1	–	0,0	2,6	0,1	4,8	17,0	14,0
Lettland <i>Latvia</i>	391,4	132,3	39,8	41,2	457,7	437,4	84,8	100,3	241,7
Litháen <i>Lithuania</i>	527,0	644,5	137,4	251,8	746,5	1.383,0	1.265,8	1.834,4	2.382,2
Lúxemburg <i>Luxembourg</i>	103,4	100,5	21,8	11,4	12,9	13,5	17,2	22,4	9,4
Noregur <i>Norway</i>	5.209,1	5.412,9	4.733,7	4.163,0	6.977,4	6.981,9	5.564,5	4.360,3	3.360,2
Portúgal <i>Portugal</i>	3.388,4	4.948,0	6.825,2	8.289,5	10.593,5	8.742,8	6.774,1	6.599,1	4.825,0
Pólland <i>Poland</i>	201,6	194,0	99,0	220,6	910,2	1.275,0	1.026,6	2.254,9	3.600,6
Slóvenía <i>Slovenia</i>	20,9	11,5	12,4	8,9	8,6	7,8	6,0	2,6	0,1
Spánn <i>Spain</i>	5.419,9	6.629,2	6.956,9	6.338,1	9.841,2	10.072,6	10.595,8	12.465,3	12.676,8
Svíþjóð <i>Sweden</i>	1.134,8	963,6	897,1	578,9	1.303,1	1.404,0	978,7	845,3	653,1
Þýskaland <i>Germany</i>	6.706,4	8.756,7	6.629,2	5.160,9	6.386,2	8.585,5	6.671,7	6.110,6	5.688,2
Önnur EES lönd	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<i>Other EEA countr.</i>	–	–	–	–	–	–	–	0,0	1,1
Önnur Evrópulönd									
<i>Other European Countries</i>	1.917,2	1.679,1	691,0	799,5	1.580,9	1.674,7	1.588,9	3.262,7	2.998,3
Færeyjar <i>Faroe Islands</i>	87,0	36,8	177,3	325,2	513,3	494,2	528,9	466,4	346,0
Grænland <i>Greenland</i>	13,6	12,2	9,2	44,2	86,6	130,8	41,9	43,1	61,6
Króatía <i>Croatia</i>	51,0	20,9	36,2	12,0	15,2	22,9	46,2	29,1	81,2
Rússland <i>Russian Federation</i>	1.611,2	1.353,0	289,8	148,5	336,5	381,5	320,3	1.767,7	1.391,4
Sviss <i>Switzerland</i>	118,7	170,7	125,4	116,5	122,4	137,3	143,3	219,8	296,8
Önnur Evrópulönd	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<i>Other European countr.</i>	35,8	85,5	53,0	152,9	506,9	508,1	508,5	736,6	821,2
Asía Asia	11.365,7	8.304,3	8.873,2	9.400,2	8.883,9	9.665,6	7.954,2	7.943,5	8.018,7
Hong Kong <i>Hong Kong</i>	16,4	4,6	21,6	46,5	46,5	124,6	134,6	95,9	85,0
Ísrael <i>Israel</i>	125,9	100,8	56,3	84,2	81,9	250,8	139,9	53,7	40,9
Japan <i>Japan</i>	8.510,7	6.357,6	7.051,6	7.049,5	5.987,4	6.047,9	5.354,2	5.344,2	5.301,0
Kína <i>China</i>	423,3	511,3	346,5	584,1	826,8	1.268,6	1.273,8	1.070,9	1.635,0
Malasía <i>Malaysia</i>	15,5	19,9	14,0	21,1	25,4	17,5	15,5	14,8	25,9
Singapúr <i>Singapore</i>	3,8	–	1,4	5,8	1,2	0,0	2,6	11,0	40,9
Taíland <i>Thailand</i>	84,5	204,3	118,9	38,6	60,0	116,6	96,8	89,1	30,3
Taívan <i>Taiwan</i>	2.030,5	1.002,8	1.046,2	1.346,7	1.660,5	1.555,7	790,9	955,4	470,1
Önnur Asíulönd	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<i>Other Asian countries</i>	155,1	103,0	216,7	223,7	194,0	283,9	146,0	308,5	389,7

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða¹ eftir markaðssvæðum og löndum 1997–2005² (frh.)
 Table 3. Value of exported marine products¹ by market area and country 1997–2005² (cont.)

Millj. kr. á verðlagi hvers árs Million ISK at current prices									
	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Afríka Africa	914,3	1.002,9	1.002,3	1.188,9	2.341,5	3.041,8	2.948,8	3.488,5	3.252,8
Nígería <i>Nigeria</i>	903,5	993,2	978,9	1.184,1	2.292,0	3.038,9	2.944,2	3.475,6	3.245,5
Önnur Afríkulönd <i>Other African countries</i>	10,9	9,7	23,5	4,8	49,5	2,8	4,6	12,9	7,3
N-Ameríka N-America	14.477,6	15.137,1	17.226,5	14.711,8	15.951,1	17.479,4	11.739,8	12.462,1	9.965,6
Bandaríkin <i>United States</i>	13.158,5	13.430,7	15.678,4	13.122,9	14.503,7	16.302,0	10.974,4	11.497,5	9.468,5
Kanada <i>Canada</i>	1.308,8	1.696,9	1.530,6	1.578,4	1.398,7	1.160,7	758,5	948,9	487,7
Mexíkó <i>Mexico</i>	10,3	9,6	17,6	10,5	48,7	16,7	6,8	15,7	9,5
S-Ameríka S-America	1.250,8	1.096,9	587,0	414,0	530,2	454,6	358,9	281,5	238,0
Brasilía <i>Brazil</i>	730,7	583,8	70,1	22,0	68,0	47,0	7,6	31,1	29,7
Önnur S-Ameríkulönd <i>Other S-American countr.</i>	520,1	513,0	516,8	392,0	462,3	407,6	351,2	250,3	208,4
Eyjaálfa Oceania	29,3	24,6	27,3	69,4	48,8	48,4	52,5	60,0	53,7
Ástralía <i>Australia</i>	27,3	24,4	26,9	63,8	48,8	48,4	52,5	57,1	44,4
Önnur Eyjaálfulönd <i>Other Oceanic countries</i>	2,0	0,2	0,4	5,6	–	–	–	2,9	9,2

¹ Tekin hefur verið upp ný tollnúmeraflokkun og innihalda tölur frá árinu 2000 því ekki sjávarafurðir í loftþéttum umbúðum eða afurðir úr fiskeldi. Data from year 2000 is classified by HS numbers and do not contain preserved products or products from fish farming.

² Á verðlagi hvers árs. At current prices.

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum¹ 2004 og 2005²
Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories¹ 2004 and 2005²

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2004		2005	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í millj. kr. fob. <i>Value in million ISK, fob</i>				
Útflutt alls <i>Marine products, total</i>	827.537,5	121.745,7	754.498,4	110.122,9
Uppsjávarafli samtals <i>Pelagic catch, total</i>	339.523,7	17.689,8	332.866,2	18.400,3
Síld samtals <i>Herring, total</i>	68.351,2	4.685,4	99.461,1	7.200,0
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	53,3	11,8	20,7	4,7
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	160,3	17,1	348,0	35,2
Sjófryst flök ót.a. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	8.108,7	657,9	11.966,5	1.068,0
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	8.394,1	319,1	4.128,7	139,3
Landfryst flök ót.a. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	6.684,7	493,1	10.412,8	809,5
Annað fryst sjávarfang <i>Other frozen marine products</i>	20.107,2	1.564,4	51.012,9	4.029,5
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	137,7	23,1	114,2	40,8
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc.</i>	5.549,0	691,0	2.144,4	282,3
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	11.093,8	530,2	7.012,8	288,0
Lýsi <i>Fish oil</i>	7.993,8	345,0	12.293,5	499,3
Afurðir fiskvinnslu ót.a. <i>Fish processing, n.e.s.</i>	68,4	32,7	6,5	3,5
Loðna samtals <i>Capelin, total</i>	174.324,1	9.365,5	176.989,6	9.324,8
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	87,2	22,2	–	–
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	11.537,1	307,8	32.005,8	1.367,4
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	40.329,9	1.476,4	49.586,0	2.461,0
Fryst hrogn <i>Frozen roes</i>	9.013,5	2.292,2	9.794,0	1.843,9
Söltuð hrogn <i>Salted roes</i>	208,2	34,7	8,6	2,7
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	67.057,5	3.335,2	56.317,9	2.431,3
Lýsi <i>Fish oil</i>	46.090,6	1.896,8	29.277,3	1.218,5
Kolmunnir samtals <i>Blue whiting, total</i>	72.048,2	3.444,9	41.509,8	1.780,8
Sjófryst flök ót.a. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	–	–	73,0	5,0
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	1.928,0	42,1	14,9	0,3
Fiskmjöl <i>Fish meal</i>	70.120,3	3.402,8	41.421,9	1.775,5
Makrill samtals <i>Mackerel, total</i>	–	–	56,4	3,5
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	–	–	56,4	3,5
Annar uppsjávarfiskur samtals <i>Other pelagic fish, total</i>	24.800,2	194,0	14.849,4	91,3
Annað ferskt, kælt sjávarfang <i>Other marine products, fresh or chilled</i>	24.778,7	185,9	14.848,7	91,2
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	–	–	0,7	0,1
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	21,5	8,1	–	–
Botnfiskafli samtals <i>Demersal catch, total</i>	299.335,0	77.714,3	262.627,1	72.132,2
Porskur samtals <i>Cod, total</i>	123.869,9	48.044,5	113.928,1	41.973,0
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	9.136,5	1.886,0	8.384,0	1.777,0
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	11.336,4	7.287,9	11.131,3	6.926,2
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	372,2	121,9	569,0	133,4
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	803,9	366,0	967,7	487,0
Sjófryst flök ót.a. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	12.556,9	5.245,2	10.490,0	4.583,1
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	49,4	11,3	105,6	42,1
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	4.197,9	1.309,7	3.087,6	911,1

Tafla 4. Magn og verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum¹ 2004 og 2005² (frh.)
 Table 4. Quantity and value of exported marine products by product categories¹ 2004 and 2005² (cont.)

Magn í tonnum <i>Quantity in tonnes</i>	2004		2005	
	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>	Magn <i>Quantity</i>	Verðmæti <i>Value</i>
Verðmæti í millj. kr. fob. <i>Value in million ISK, fob</i>				
Landfryst flök ót.a. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	24.373,4	9.754,1	21.622,8	7.969,6
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	3.790,9	449,7	3.704,6	452,2
Fryst hrogn <i>Frozen roes</i>	1.119,1	290,1	911,2	220,7
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	1.614,3	303,4	1.615,6	261,8
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	30.699,8	13.331,5	28.694,4	11.183,0
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc</i>	8.172,3	4.579,1	8.406,7	4.205,7
Söltuð hrogn <i>Salted roes</i>	480,3	184,0	1.159,6	356,6
Skreið ³ <i>Stock fish³</i>	132,7	91,9	50,0	24,3
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	12.910,9	2.426,2	11.592,1	2.129,0
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	6,3	32,6	6,5	16,1
Lýsi <i>Fish oil</i>	2.116,7	373,8	1.429,4	294,0
Ýsa samtals <i>Haddock, total</i>	39.447,8	10.052,9	44.476,8	11.744,3
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	15.831,3	1.893,0	17.467,9	2.188,7
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	4.016,7	2.068,0	6.322,8	3.035,2
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	739,1	103,2	213,3	26,0
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	475,1	173,4	640,8	263,4
Sjófryst flök ót.a. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	6.017,1	1.899,9	6.722,7	2.331,3
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	50,4	10,6	59,8	26,0
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	3.312,1	864,7	2.696,1	684,8
Landfryst flök ót.a. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	7.123,5	2.699,3	7.345,1	2.714,8
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	627,6	49,5	1.080,5	109,6
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	27,5	6,1	5,9	2,1
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	115,2	27,0	57,6	13,5
Skreið ³ <i>Stock fish³</i>	46,2	30,8	21,8	5,9
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	1.054,9	193,9	1.830,1	304,4
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	11,0	33,6	12,3	38,6
Ufsi samtals <i>Saithe, total</i>	29.415,7	4.646,1	30.100,8	4.669,5
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	1.270,5	71,9	1.016,0	90,2
Ný, kæld eða ísvarin fiskflök <i>Fish fillets, fresh, chilled or on ice</i>	196,6	62,8	195,8	54,5
Sjófrystur heill fiskur <i>Sea frozen fish, whole</i>	273,6	45,8	78,1	4,6
Sjófryst, blokkfryst flök <i>Sea frozen fish fillets, in blocks</i>	945,0	140,2	1.630,9	230,7
Sjófryst flök ót.a. <i>Sea frozen fish fillets, n.e.s.</i>	10.499,9	1.450,5	11.920,7	1.679,1
Heilfrystur fiskur ót.a. <i>Whole frozen fish, n.e.s.</i>	189,4	25,1	120,3	19,8
Landfryst, blokkfryst flök <i>Frozen fish fillets, in blocks</i>	2.443,7	387,8	1.988,8	296,0
Landfryst flök ót.a. <i>Frozen fish fillets n.e.s.</i>	7.329,8	1.384,1	7.422,8	1.322,9
Fiskmarningur, frystur <i>Minced or strained fish, frozen</i>	1.072,1	62,6	1.100,9	69,4
Þurrkaður saltfiskur <i>Dried-salted fish</i>	158,1	39,9	180,8	37,5
Blautverkaður saltfiskur <i>Uncured salted fish</i>	1.881,6	243,2	1.283,9	177,6
Saltfiskflök, bitar o.fl. <i>Salted fish fillets, bits etc.</i>	1.918,7	363,5	1.764,8	321,0
Skreið ³ <i>Stock fish³</i>	453,0	235,6	465,6	214,9
Þurrkaðir hausar <i>Dried fish heads</i>	763,9	124,8	924,4	148,5
Annar hertur, þurrkaður, saltaður fiskur <i>Other dried, salted fish</i>	19,9	8,4	6,9	2,7
Karfi samtals <i>Redfish, total</i>	47.973,9	7.523,0	43.758,0	7.936,0
Nýr, kældur eða ísvarinn heill fiskur <i>Whole fish, fresh, chilled or on ice</i>	12.260,5	1.237,0	13.319,6	1.315,4
